

Kærkomin kynni

MYNDLIST

ALDÍS
ARNARDÓTTIR



Listasafn Reykjavíkur,
Kjarvalsstaðir

Hringur, ferhyrningur og lína
★★★★★

Verk eftir Eyborgu Guðmundsdóttur.
Sýningarstjórar: Heba Helgadóttir og
Ingibjörg Sigurjónsdóttir.
Sýningin stendur til 28. apríl 2019.
Opíð daglega frá kl. 10 til kl. 17.

Það er ekki laust við að fyrstu yfirlitssýningar á verkum myndlistarkonunnar Eyborgar Guðmundsdóttur (1924-1977) hafi verið beðið með nokkurri eftirvæntingu enda hefur furðu hljótt verið um stuttan en kraftmikinn feril hennar sem spannaði einungis 16 ár. Árið 2007 ritaði Hrafnhildur Schram listfræðingur grein í Skírni um Eyborgu en þá voru liðin 30 ár frá andláti hennar. Greinin er fyrsta ítarlega samantektin á ævi- og listferli Eyborgar sem birt er opinberlega. Fáein verk Eyborgar hafa verið til sýnis á samsýningum á undanförunum árum en árið 1997 var sett upp sýning helguð henni í galleríinu Annarri hæð sem Pétur Arason og Ingólfur Arnarsson starfræktu á Laugavegi um árabil. Það er því löngu tímabært að gera ferli Eyborgar skil með veglegri yfirlitssýningu eins og Hrafnhildur benti réttilega á fyrir meira en tíu árum í greininni.

Spör litanotkun einkennir verk Eyborgar, þau byggjast á einfaldleika þar sem samspil grunnformanna er í forgrunni. Í París tengdist Eyborg helstu forvígismönnum abstraktlistarinnar og op-listarinnar sem höfðu mikinn áhuga á skynjun áhorfandans. Á sýningunni má sjá klippimyndir, lágmyndir, þrykk, teikningar og eitt saumað verk, auk málverka, þar sem tilbrigði við hring, ferhyrning og línu eru gegnumgangandi viðfangsefni listamannsins. Eyborg stundaði myndlist í frí-

stundum á sjötta áratugnum en lagði ekki stund á hefðbundið listnám á Íslandi. Það var síðan fyrir hvatningu Dieters Roths sem hún hélt til Parísar í listnám, þá orðin 35 ára gömul. Eyborg staldraði hins vegar stutt við í listaskóla í París en sótti þess í stað einkatíma hjá þeim listamönnum sem henni þóttu fremstir í flokki í borginni, meðal annars hjá Victor Vasarely, guðföður op-listarinnar, og Georges Folmer, sem var mikilvirkur á sviði abstraktlistar í París. Folmer stofnaði hópinn Groupe Mesure þar sem listamenn unnu að frekari framþróun abstraktlistarinnar og listamenn eins og Leo Breuer og Adolf Fleischman sýndu abstraktverk sem sum hver voru á mörkum op-listar.


Franska ljóðskáldið og myndlistarmaðurinn Aurelie Nemours var virk í sýningarhaldi á vegum Salon des Réalités Nouvelles sem Eyborg tók einnig þátt í á sjöunda áratugnum. Í verki Eyborgar „Altaristöflu“ (1974) og „La Nuit de Baudelaire“ (1973) eftir Nemours má sjá dæmi um hvernig þær eru að vinna úr svipuðum hugmyndum á sama tíma. Þær beita öguðum vinnubrögðum þar sem rétthyrnd formin eru stílhrein og faguð. Vert er að minnast líka á annan franskann listamann, Roger-Francois Thépot, sem tók einnig þátt í áður nefndum sýningum, en hann var auk þess einn stofnenda Groupe Mesure sem Eyborg sýndi með í upphafi sjöunda áratugarins. Eyborg tekur virkan þátt í starfi og þróun þessara hópa listamanna og stendur þeim síst á sporði.

Samband listaverks og sjónrænnar listupplifunar áhorfandans er í forgrunni listaverka sem kennd eru við op-list. Samspil lita og forma framkallar hreyfingu eða blík í sjónskynjun áhorfandans, einhvers konar sjónblekkingu. Vasarely lærði í Muhely-akademíunni í Ungverjalandi sem tengdist stefnu Bauhaus-skólans í Þýskalandi og hann vildi koma listinni út til fólksins – „listin fyrir alla“. Verk Eyborgar á sviði grafískrar hönnunar og hið formfagra stíga-handrið Hallveigarstaða sem hún



Morgunblaðið/Hari

Tímabær sýning Rýnir segir „löngu tímabært að gera ferli Eyborgar skil með veglegri yfirlitssýningu.“



Morgunblaðið/Hari

Þrívítt „Á sýningunni gefst kærkomið tækifæri til að fá skýrari mynd af ferli Eyborgar“ og sjá fjölda verka.

hannaði má sjá sem lið í þeirri stefnu þar sem listin fær sinn sess í hversdagslífinu og samræmis listar og umhverfis er gætt. Einn þeirra listamanna sem voru í

kringum Vasarely var Jesús Rafael Soto en stundum hefur verið talið um að sjónarhornið sé miðillinn í verkum Sotos. Í mörgum verkum Eyborgar á sýningunni má greina


mun meiri samhljóm með verkum Sotos en Vasarelys. Nærtækt er að nefna lagskipt plexiverk Eyborgar frá sýningunni á Mokka 1966 en einnig síðar, í verkum hennar frá



Morgunblaðið/Hari

Gott yfirlit „Þetta er sýning sem enginn listunandi ætti að láta framhjá sér fara,“ segir gagnrýnandinn.





Morgunblaðið/Hari

Formleikur Gestir á Kjarvalstöðum rýna í eitt hinna formhreinu verka.

miðjum áttunda áratugnum, þar sem hún gengur lengra í átt op-
listar, til að mynda í „Grænu bylt-
ingunni“ og „Tveimur teningum“.

Á sýningunni gefst kærkomið
tækifæri til að fá skýrari mynd af
ferli Eyborgar og skoða verkin í
viðara alþjóðlegu samhengi. Ey-
borg var ein fárra íslenskra lista-
manna sem héldu lífnu í þróun ab-
straktlistarinnar hér á landi á
þessum tíma. Hún hafði sérstöðu í
karllægum heimi myndlistarinnar
og hver veit í hvaða átt verk henn-
ar hefðu þróast hefði henni unnist
aldur til að vinna lengur að sinni
merku listsköpun. Natni hefur verið
lögð í uppsetningu sýningar-
innar og titill hennar, *Hringur, fer-
hyrningur og lína*, endurtekur sig í
umgjörð hennar. Kringlóttir pullu
hefur verið komið fyrir á gólfinu,
tveir langir veggir mynda skáhall-
andi svarta línu sem brýtur upp
hið ferhyrnda rými sýningarsal-
arins. Merkingar eru látlausar og
trufla ekki upplifun áhorfandans.
Á sýningunni *Hringur, ferhyr-
ningur og lína* er stigið fyrsta skref-
ið í átt að frekari rannsóknum á
ferli Eyborgar sem vonandi verður
fylgt eftir með vandaðri bókaút-
gáfu. Þetta er sýning sem enginn
listunnandi ætti að láta framhjá
sér fara og þótt biðin eftir henni
hafi verið löng er *Hringur, fer-
hyrningur og lína* sannarlega bið-
arinnar virði.